

Mánudaginn 29. júnímán.

Nr. 44/1884. Páll málaflutningsmaður Melsted
fyrir hönd Laufáss prestakalls
gegn

Einari umboðsmanni Ásmundssyni,
sem eiganda jarðarinnar Ness í
Grýtubakkahreppi.

D ó m u r:

Vottorð þau, sem rituð eru á yfirdómsstefnuna í máli þessu um birtingu hennar fyrir þremur dómendum í merkjadómnum, Jóni alþingismanni Sigurðssyni á Gautlöndum, Baldvín bónda Sigurðssyni á Garði í Aðaldal, og Jóni bónda Árnasyni á Arndisarstöðum, eru ekki staðfest af þeim, sem birt hafa, með skirskotun til unnins stefnuvottaeiðs, enda er svo að sjá af birtingarvottorðunum, sem einungis 2 af þeim 6 mönnum, sem birt hafa stefnuna fyrir þessum dómendum, sjeu eiðsvarnir stefnuvottar. Þareð hlutaðeigandi sýslumaður ekki heldur hefur ritað á stefnuna vottorð um, að þeir, sem hana hafa birt, sjeu eiðsvarnir stefnuvottar, þá vantar alla sönnun fyrir, að stefnan sje löglega birt þeim 3 dómendum, sem áður eru nefndir; ber því að vísa stefnunni í máli þessu frá yfirdóminum ex officio, og fellur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir þeim úrslitum niður.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.